

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 10 95. ár

Miðvikudaginn 23. janúar 2002

Laus störf

Hafnarfjörður.

Laus er til umsóknar staða lögregluvarðstjóra hjá embætti sýslumannsins í Hafnarfirði. Umsóknnum skal skilað til sýslumanns, Guðmundar Sophussonar, en umsóknarfrestur rennur út þann 31. janúar 2002. Egill Bjarnason yfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

Ríkislögreglustjórinn.

Laus eru til umsóknar staða lögreglufulltrúa hjá embætti ríkislögreglustjórans. Um er að ræða stöðu á sviði 4. Helstu verkefni eru fíkniefnamálefni og ýmis tengd verkefni fíkniefnastofu, samstarf við lögregluembættin, upplýsingamiðlun, samantektir og tölfræðiúrvinnslu. Umsóknnum skal skilað til embættis ríkislögreglustjórans, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, en umsóknarfrestur rennur út þann 31. janúar 2002. Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

Stykkishólmur.

Laus eru til umsóknar staða yfirlögregluþjóns hjá embætti sýslumannsins í Stykkishólmi. Skipað verður í stöðuna frá 1. apríl 2002. Umsóknnum skal skilað til sýslumannsins, Ólafs K. Ólafssonar, sem jafnframt veitir nánari upplýsingar um stöðuna, en umsóknarfrestur rennur út þann 31. janúar 2002.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknnum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra, eða dómsmálaráðherra, sem skipar eða setur yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna.

Umsóknnum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, [www.logreglan.is](#), undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur sem uppfylla skilyrðin eru sérstaklega hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 6. janúar 2002.
Ríkislögreglustjórinn.

(603)

Stefnur

**Búnaðarbanki Íslands hf.,
kt. 490169-1219
Austurstræti 5, Reykjavík**

gjörir kunnugt: að bankinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Magnúsi Garðarssyni, kt. 250658-4279, óstaðsettum í hús, Reykjavík, stjórnarmanni Nýs frosts ehf., kt. 630893-2089, Blikahólum 6, Reykjavík, f.h. félagsins.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda

Auglýsing

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 10. janúar 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

439)

Auglýsing

um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofan reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. tl. 1. mgr. b. liðar 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. e. lið 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir febrúar 2002:

Vísitala neysluverðs: 221,5 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 4.374 stig.

Reykjavík, 14. janúar 2002.

Hagstofa Íslands.

610)

Auglýsing

frá viðskiptaráðuneytinu

Viðskiptabanka veitt starfsleyfi.

Með vísan til 4. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, tilkynnist hér með að Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, hefur frá og með 11. janúar 2002 fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki.

Viðskiptaráðuneytinu,
11. janúar 2002.

460)

Nauðungarsölur

Blönduós

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi, þriðjudaginn 5. mars 2002 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Brimslóð 8 452)	Steindór Ingi Kjellberg	Blönduósbær	45.752
Gröf, Húnaþingi vestra 453)	Skúli Ástmar Sigfússon	Sýslumaðurinn á Blönduósi og Vátryggingafélag Íslands hf.	281.194
Laufás 2, Skagaströnd 454)	Ragnheiður Eggertsdóttir	Íbúðalánasjóður	147.243
Reykir, Laugarbakka 455)	Vilborg Valdimarsdóttir	Vátryggingafélag Íslands hf.	86.394
Urðarbraut 3 456)	Jóhannes Þórðarson	Blönduósbær	296.363

Blönduósi, 14. janúar 2002.
Sýslumaðurinn á Blönduósi,
Kjartan Þorkelsson, settur sýslumaður.

Sauðárkrókur

Eftirtalin beiðni um nauðungarsölu til fullnustu kröfur um peningagreiðslu verður tekin fyrir á skrifstofu embættisins að Suðurgötu 1, Sauðárkróki, fimmtudaginn 7. mars 2002, kl. 14.00, hafi hún ekki áður verið felld niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Ljósstaðir, vélaverkstæði, Sveitarfélaginu Skagafirði	Trausti Fjólmundsson	Verkfaerasalan ehf.	227.138
Sauðárkróki, 3. janúar 2002. Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, Ríkarður Másson.			

skuld að fjárhæð kr. 2.600.000, með dráttar-vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, frá 19. janúar 2001 til 1. júlí 2001 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist að dæmt verði að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 19. janúar 2002 en síðan árlega þann dag. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti.

Fyrirsvar: Undirritaður lögmaður, Lárus L. Blöndal hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Skuld þessi vegna yfirdráttar stefnda á tékkareikningi hans nr. 2929 við Búnaðarbanka Íslands hf., útibúið í Garðabæ. Tékkareikningurinn var stofnaður þann 13. júlí 1993 og fékk stefndi yfirdráttarheimild á hann. Vegna vanskila stefnda á yfirdráttarskuldinni, var tékkareikningnum lokað þann 19. janúar 2001. Þá nam heildarskuld á reikningnum, samtals kr. 3.143.484,57. Í máli þessu er stefnt fyrir kr. 2.600.000, auk dráttarvaxta og kostnaðar en stefnandi hefur í öðru máli krafist stefnda um mismuninn. Skuld þessi hefur ekki greiðst þrátt ítrekaðar innheimtutilraunir og er því málsókn þessi nauðsynleg. Samkvæmt þjóðskrá er lögheimili stjórnarmanns stefnda, óstaðsett í hús, Reykjavík og þar sem ekki er vitað hvar birta megí stefnu fyrir honum eftir almennum reglum, er nauðsynlegt að stefnubirting fari fram í Lögbirtingablaði, sbr. a-lið, 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Tilvísun til helstu lagaákvæða: Stefnandi vísar til almennra reglna samninga- og kröfuréttar máli sínu til stuðnings. Krafa stefnanda um vexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og lög nr. 38/2001. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og ber honum því nauðsyn á að tekið sé tillit til þess við ákvörðun á málskostnaði.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

- Útskrift af stöðu tékkareiknings
- Innheimtubréf lögmanns stefnanda.
- Útskrift úr þjóðskrá.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Magnúsi Garðarssyni, kt. 250658-4279, óstaðsettum í hús, Reykjavík, stjórnarmanni Nýs frosts ehf., kt. 630893-2089, Blikahólum 6, Reykjavík, til þess að mæta f.h. félagsins á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 12. mars 2002, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má hann búast við því að úti-

vistardómur gangi í málinu og stefnukröfur verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 10. desember 2001.
F.h. stefnanda,
f.h. Lárusar L. Blöndal hrl.,
Indriði Þorkelsson hdl.

(15062

Héraðsdómur Suðurlands, Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómari

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Jón G. Valgeirsson hdl., Strandvegi 48, Vestmannaeyjum, að hann þurfi fyrir hönd Jóhanns Á. Kristjánssonar, kt. 291215-3199, Bessastíg 10, Vestmannaeyjum, að höfða mál fyrir héraðsdómi Suðurlands til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi eftirgreint veðskuldabréf, útgefið af Jóhanni Kristjánssyni þann 5. febrúar 1975, til handhafa, með 6. veðrétti með uppfærslurétti í fasteigninni Bessastíg 10, Vestmannaeyjum, að fjárhæð gkr. 400.000.

Málsástæður og önnur atvik: Veðskuldabréfið var gefið út af Jóhanni Kristjánssyni til handhafa 5. febrúar 1975 að fjárhæð gkr. 400.000 en nú kr. 4.000. Bréfið átti að greiðast með 10 jöfnum afborgunum með gjalddaga 15. maí og 15. nóvember ár hvert, í fyrsta skipti þann 15. maí 1975. Bréfið var óverðtryggt með hæstu leyfilegum vöxtum. Skuldabréfið er nú með 2. veðrétti í fasteigninni Bessastíg 10, Vestmannaeyjum.

Stefnandi kveður framangreint handhafa-skuldabréf vera að fullu greitt en samkvæmt efni sínu átti síðasta greiðsla að eiga sér stað 15. nóvember 1979. Nú mun frumrit bréfsins vera glatað og hefur ekki fundist þrátt fyrir mjög ítarlega leit og eftirgrennslan. Vegna þessa hefur ekki verið unnt að aflýsa veðskuldabréfinu og er stefnanda því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á því. Fyrir liggur að aflýsa bréfinu af hinní veðsettu eign.

Lagarök: Stefnandi vísar til ákvæða 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirfarandi sönnunargögn:

- Frumrit stefnu.
- Skrá yfir framlögð skjöl.
- Lögbirtingablað, er stefna þessi birtist í.
- Ljósrit veðtryggingabréfs.
- Veðbókarvottorð.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur sig eiga rétt til þess, að mæta á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður í dómþingsalnum í stjórn-sýsluhúsinu við Heiðarveg 15, Vestmannaeyjum, miðvikudaginn 13. mars 2002, kl. 16.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki

í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu, en ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu í samræmi við stefnukröfur. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Vestmannaeyjum, 9. janúar 2002.
Þorgerður Erlendsdóttir.

(442

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp-kveðnum 19. desember 2001, var bú Kaupfélags Stöðfirðinga, kt. 680169-0989, Fjarðarbraut 41, Stöðvarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 14. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarbraut 40, 780 Hornafirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra fimmtudaginn 18. apríl 2002 kl. 13.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Hornafirði, 8. janúar 2002.

Sigríður Kristinsdóttir hdl.

(246 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 26. apríl 2001, var dánarbú Páls Björnssonar, kt. 100444-2599, síðast til heimilis að Blikahólum 10, Reykjavík, sem lést þann 10. desember 1998, tekið til opinberra skipta.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu, annarra réttinda á hendur því eða eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skal senda til skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, Kristjáns Ólafssonar hrl., Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Reykjavík, 9. janúar 2002.

Kristján Ólafsson hrl.

(441 a

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum þann 17. desember 2001 var bú Heiðars Ragnarssonar, kt. 270153-4969, Neðradal, Biskupstungum, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 16. mars 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra, að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi, föstudaginn 12. apríl 2002 kl. 10.00 f.h.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 3. janúar 2002.

Ólafur Björnsson hrl., skiptastjóri.

(458 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 4. desember 2001, var bú Egils Harðarsonar, kt. 040153-2339, Hjaltabakka 14, 109 Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 8. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu

eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra á skrifstofu hans að Skeifunni 11a, 3. hæð, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skeifunni 11a, 3. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn 18. apríl 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi viku fyrir skiptafundinn.

(499 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 4. desember 2001, var bú Eignarhaldsfélagsins Staurs ehf. (áður Baunin ehf.), kt. 640398-2059, Síðumúla 35, 108 Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 10. apríl 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra á skrifstofu hans að Skeifunni 11a, 3. hæð, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skeifunni 11a, 3. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn 18. apríl 2002 kl. 10.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi viku fyrir skiptafundinn.

(500 a

Reykjavík, 11. janúar 2002.
Stefanía G. Sæmundsdóttir hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 20. desember 2001, var bú Verkvers ehf., kt. 501089-1179, Bæjarflöt 2, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 14. september 2001.

Hér með er skorað á lánardrottna og aðra þá, sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða muni í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skal senda til undirritaðs skiptastjóra, Kristjáns Ólafssonar hrl., Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á ofangreindri skrifstofu undirritaðs, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, miðvikudaginn 10. apríl 2002 kl. 14.30 síðdegis.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir fundinn.

(157 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 21. desember 2001, var bú Opinnar miðlunar ehf., kt. 450700-2070, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 5. október 2001.

Hér með er skorað á lánardrottna og aðra þá, sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða muni í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skal senda til undirritaðs skiptastjóra, Kristjáns Ólafssonar hrl., Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á ofangreindri skrifstofu undirritaðs, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, miðvikudaginn 10. apríl 2002 kl. 15.30 síðdegis.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir fundinn.

(158 b

Reykjavík, 27. desember 2001.
Kristján Ólafsson hrl.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra, uppkveðnum þann 27. desember 2001, var bú Hafsúlunnar ehf., kt. 420589-1669, Hvammstangabraut 43, Hvammstanga, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 29. október 2001. Var undirrituð skipuð skiptastjóri þrotabúsins þann 27. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík, miðvikudaginn 10. apríl árið 2002 kl. 13.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(199 b

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum þann 14. desember 2001, var bú Hauks Torfasonar, kt. 080753-4469, sem lést þann 12. nóvember 2001, síðast til heimilis að Sólvöllum 11, Akureyri, tekið til opinberra skipta. Frestdagur við skiptin er 29. október 2001. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í búinu.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík, miðvikudaginn 10. apríl árið 2002 kl. 11.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu tvær vikur fyrir skiptafundinn.

(200 b

Húsavík, 3. janúar 2002.
Margrét María Sigurðardóttir hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra, uppkveðnum þann 27. desember 2001, var bú Hafðísar Jóhannesdóttur, kt. 090975-3669, Mímisvegi 16, Dalvík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 26. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 14, pósthólf 377, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 14, 2. hæð, Akureyri, miðvikudaginn 27. mars 2002 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(205 b

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra, uppkveðnum þann 14. desember 2001, var bú ADS-Íslands ehf., kt. 540800-2190, Hafnarstræti 100, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 28. nóvember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan 2ja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 14, pósthólf 377, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 14, 2. hæð, Akureyri, miðvikudaginn 27. mars 2002 kl. 11.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(206 b

Akureyri, 2. janúar 2002.
Inga Þóll Þórgnýsdóttir hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum þann 27. nóvember 2001, var bú Suðurlandssólar ehf., kt. 531099-2229, Álfhólum 6, 800 Selfossi, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 30. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi, þriðjudaginn 2. apríl 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 7. janúar 2002.
Sigurður Sigurjónsson hrl.

(211 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 21. desember 2001, var bú Karls Jónssonar, kt. 090765-3619, Hringbraut 60, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta og var undirrituð skipuð skiptastjóri búsins. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 4. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hverfisgötu 105, Reykjavík, 9. apríl 2002 kl. 9.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 að öðrum skilyrðum uppfylltum.

(236 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 21. desember 2001, var bú Pálmars Ólasonar, kt. 051038-3129, Bæjargili 30, Garðabæ, tekið til gjaldþrotaskipta og var undirrituð skipuð skiptastjóri búsins. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 4. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hverfisgötu 105, Reykjavík, 9. apríl 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 að öðrum skilyrðum uppfylltum.

(237 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 21. desember 2001, var bú Veitinga-hússins Kalla ehf., áður Kaffi-fjörður ehf., kt. 450100-2930, Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta og var undirrituð skip-uð skiptastjóri búsins. Frestdagur við gjaldþrota-skiptin er 4. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar inn-köllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hverf-isgötu 105, Reykjavík, 9. apríl 2002 kl. 11.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 að öðrum skilyrðum uppfylltum.

(238 b

Reykjavík, 7. janúar 2002.
Þuríður Halldórsdóttir hdl.,
skiptastjóri.

Neðanskráðir eigendur hlutabréfa í Tollvöru-geymslunni Zimsen hf., kt. 650269-4389, hafa farið þess á leit við stjórn félagsins að neð-angreind hlutabréf þeirra verði ógilt þar sem þau hafi glatast og að ný bréf verði gefin út í staðinn:

<i>Nafn</i>	<i>Nr.</i>	<i>Nafnv.</i>
<i>hluthafa</i>	<i>hlutabréfs</i>	<i>hlutabréfs</i>
Db. Einars J. Skúlasonar kt. 130118-2169	20452	7.500
	20453	1.000
	20454	140
	22996	1.000
	22997	1.000
	22998	1.000
	22999	456
	25111	1.000
	25112	1.000
	25113	419
	27164	1.000
	27165	1.000
	27166	1.000
	27167	1.000
	27168	355
	29640	1.000
	29641	1.000
	29642	1.000
	29643	1.000
	29644	500
	29645	218
	31975	4.718
	32600	7.077
	33286	3.538

Með vísan til 7. mgr. 27. gr. laga um hluta-félög nr. 2/1995 og 2. mgr. gr. nr. 2.6.0. í sam-þykktum félagsins stefnist hér með handhöfum ofangreindra hlutabréfa til að koma fyrir stjórn félagsins innan þriggja mánaða frá síðari birt-ingu áskorunar þessarar og lýsa rétti sínum yfir hlutabréfunum. Gefi enginn sig fram áður en fresturinn er liðinn falla niður öll réttindi á hend-ur félaginu samkvæmt hlutabréfunum og gefin

verða út ný hlutabréf handa hinum skráðu hlut-höfum.

Reykjavík, 20. desember 2001.
F.h. stjórnar Tollvörugeymslunnar-Zimsen hf.,
Höskuldur H. Ólafsson.

(239 b

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, upp-kveðnum 2. janúar 2002, var bú Ferjusiglinga ehf., kt. 500500-2390, Seljalandsvegi 50, Ísa-firði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 10. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skeifunni 11a, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skeifunni 11a, þriðjudaginn 9. apríl 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta-fundinn.

Reykjavík, 7. janúar 2002.
Hjördís E. Harðardóttir hdl.,
skiptastjóri.

(166 b

Skiptafundir

Skiptafundur í þrotabúi Bílasölunnar ehf., kt. 460169-4619, Akureyri, verður haldinn á skrif-stofu undirritaðs skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, fimmtudaginn 7. febrúar 2002 kl. 10.00 f.h.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í síðasta lagi á þeim fundi mun skiptum lokið með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(496

Skiptafundur í þrotabúi Fjölnismanna ehf., kt. 600988-4619, Akureyri, verður haldinn á skrif-stofu undirritaðs að Suðurlandsbraut 18, Reykja-vík, fimmtudaginn 7. febrúar 2002 kl. 9.00.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggja mun frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis síð-ustu tvær vikur fyrir fundinn fyrir lánardrottna og aðra, sem lögvarinna hagsmuna eiga að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem hlut eiga að máli, vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr búinu.

(497

Skiptafundur í þrotabúi Gagnamiðlunar ehf., kt. 520990-1199, Akureyri, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra að Suður-landsbraut 18, Reykjavík, fimmtudaginn 7. febrúar 2002 kl. 11.00 f.h.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í síðasta lagi á þeim fundi mun skiptum lokið með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(498

Reykjavík, 16. janúar 2002.
Brynjólfur Kjartansson hrl.

Skiptafundur í þrotabúi Félagsprentsmiðj-unnar ehf., kt. 501195-3169, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Laugavegi 97, Reykjavík, fimmtudaginn 14. febrúar 2002 kl. 13.00.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hags-

muna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grund-velli frumvarpsins, sem þar með verður úthlut-unargerð úr þrotabúinu.

Reykjavík, 14. janúar 2002.
Smári Hilmarsson hdl.

(501

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp-kveðnum 13. nóvember 2000, var bú Málningar-þjónustu Hermanns Nielssonar ehf., kt. 701293-3639, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og lauk skiptum í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, að fjárhæð kr. 11.198.184, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

(253

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp-kveðnum 13. nóvember 2000, var bú Gunnars Hermannssonar, kt. 151142-3979, Miðtúni 24, Hornafirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og lauk skiptum í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, að fjárhæð kr. 32.845.173, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

(254

Seyðisfirði, 8. janúar 2002.
Jónas A. Þ. Jónsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum 22. júní 2001, var bú Þ. M. járnabind-inga ehf., kt. 430200-2830, Dvergholti 11, Hafn-arfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á þrotabúinu lauk í dag, 19. des-ember 2001, samkvæmt 1. mgr. 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur sem voru að fjárhæð kr. 2.609.608, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Hafnarfirði, 19. desember 2001.
Ingi H. Sigurðsson hdl.,
skiptastjóri.

(255

Slitum á hlutafélaginu Austmar ehf., kt. 420272-0659, Hamraborg 11, Kópavogi, er lokið. Einni kröfu var lýst á innköllunarfresti og greiddist hún af eignum félagsins. Samkvæmt frumvarpi skilaneftardarmanna sem samþykkt var á fundi þann 21. desember 2001, hefur hlut-höfum félagsins verið greiddur hlutur þeirra í fé-laginu. Tilkynning hefur verið send hlutafélagas-krá um afskráningu félagsins og hefur skila-nefnd lokið störfum.

Reykjavík, 31. desember 2001.
F.h. skilaneftndar Austmar ehf.,
Indriði Þorkelsson hdl.

(351

